



Fundargerð stjórnar HSÍ

Mánudaginn 12. maí 2025



Þriðji fundur 68. stjórnar HSÍ var haldinn í á skrifstofu HSÍ, mánudaginn 12. maí 2025 kl. 16.30.

Mætt voru: Jón Halldórsson, Ásgeir Jónsson, Bjarni Ákason, Guðríður Guðjónsdóttir, Haddur Stefánsson, Harpa Vífilisdóttir, Inga Lilja Lárusdóttir, Ólafur Örn Haraldsson og Sigurborg Kristinsdóttir. Róbert Geir Gíslason, framkvæmdarstóri HSÍ sat fundinn og ritaði fundargerð.

Forföll: Ásgeir Sveinsson, Helga Birna Brynjólfsdóttir, Kristín Þórðardóttir

Fjarverandi: Engin

Þetta gerðist:

1. Fundargerð síðasta fundar lögð fram til samþykktar
Fundargerð síðasta fundar var samþykkt.
2. Skýrsla framkvæmdastjóra og formanns
 - a. Landsliðsvika karla
RG fór yfir landsliðsviku karla. Strákarnir kláruðu verkefnið með sóma og sigruðu riðilinn örugglega.
 - b. Verkefnin framundan
RG ræddi hvaða verkefni eru framundan í maí.
3. Erindi frá leikmannasamtökum Íslands
Stjórn HSÍ tók málið fyrir og er afgreiðsla málsins frestað til næsta fundar stjórnar.
4. Farið yfir punkta sem komu á handknattleikspinginu
JH fór yfir niðurstöður handboltapings. Unnið verður með niðurstöðurnar fram að formannafundi sem verður síðar í maí.
5. Fjárhagsnefnd
Ásgeir Jóns kynnti stöðu á verkefnum nefndarinnar. Næsti fundur nefndarinnar er nk. fimmtudag.
6. Markaðsnefnd
Bjarni kynnti stöðu á verkefnum nefndarinnar.
7. Fræðslu og útbreiðslunefnd
Inga kynnti stöðu á verkefnum nefndarinnar. Verið er að yfirfara iðkendatölur og taka þarf samtalið við ÍSÍ í kjölfarið.
8. Landsliðsnefnd karla
Kynnt var staða á verkefnum nefndarinnar
9. Landsliðsnefnd kvenna
Guðríður kynnti stöðu á verkefnum nefndarinnar
10. Stofnun á landsbyggðanefnd
Ákveðið var að stofna landsbyggðarnefnd sem Haddur mun leiða en hlutverk hennar verður að taka utan um sjónarmið landsbyggðarliða.
11. Stofnun á heimaleikjanefnd
Skoða þarf umgjörð heimaleikja og hvað má gera betur. Stjórn mun taka málið áfram.



12. Stofnun á EM nefnd

Landsliðsnefndir munu skoða hvað er hægt að gera í kringum stórmót karla og kvenna.

13. Skipan nefnda

Stjórn HSÍ staðfesti skipan: Dómaranefndar, Fræðslu og útbreiðslunefndar, landsliðsnefndar karla

14. Samningur við Hauka

RG fær heimild til að ganga frá samningi við Hauka varðandi LED.

Varðandi bikarúrslitahelgina vill stjórn HSÍ kanna möguleikann á Smáranum. Að öðrum kosti að fara í útboð.

15. Önnur mál

RG kynnti áhorf á handboltann.

Þórir Hergeirsson mun koma í júní og funda með afrekssviði.

Fundur verður 5. júní þar sem farið verður yfir ásjúnd HSÍ og boðaðir verða 20 fulltrúar hreyfingarinnar á þann fund.

Samstarf við Rapyd verður ekki endurnýjað og er það sameiginleg ákvörðun beggja aðila.

Fundur verður með Adidas varðandi búningamálin

Næsti fundur stjórnar verður mánudaginn 2. Júní kl.16.30.

Fleira var ekki gert og var fundi slitið.

Róbert Geir Gíslason, fundarritari